

**Nr. 058 / 13 Esjar SH 75****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2330  
Smíðaður: Hafnarfirði 1999 stál  
Stærð: 51,87 brl 55,27 bt.  
Mesta lengd: 19,8 m Skráð lengd: 18,39 m  
Breidd: 4,99 m Dýpt: 2,32 m  
Vél: Caterpillar 336 1998  
Fjöldi skipverja: 4



Esjar©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 17. maí 2013 var Esjar SH 75 á rækjuveiðum um 5 sml N af Hellissandi. Veður: A-gola

Verið var að taka trollið þegar skrúfan virkaði ekki og við skoðum kom í ljós að sveigjutengi á milli vélar og gírs hafði rifnað í sundur. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og á meðan beðið var aðstoðar var klárað að taka trollið. Björgunarskipið Björg var send til aðstoðar og dró hún Esjar SH inn til Rifshafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að tengið var sveigjutengi (blöðrutengi) en það var jafn gamalt vélinni eða 15 ára og taldi skipstjóri það hafa verið komið á tíma.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.